



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA
ÍSLANDS

Ársskýrsla

2022



Efnisyfirlit

2

01

Inngangur
framkvæmdastýru

02

Aðildarfélög og
fulltrúar í stjórn

03

Fjármál og rekstur

05

Starfsemin
innanlands

06

Erlent Samstarf

Inngangur framkvæmdastýru



Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastýra Mannréttindaskrifstofu Íslands

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) var stofnuð á Þingvöllum þann 17. júní 1994 og er í dag samtök sautján félagasamtaka og stofnana sem vinna á einhvern hátt að mannréttindum. Tilgangur MRSÍ er að vinna að framgangi mannréttinda með því að veita upplýsingar um mannréttindamál og stuðla að fræðslu og rannsóknum. Skrifstofan gegnir einnig eftirlitshlutverki gagnvart stjórnvöldum sem felst í umsögnum um lagafrumvörp og skýrslugerð fyrir eftirlitsnefndir Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðið. Þá kemur MRSÍ fram fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi, m.a. AHRI, samtökum mannréttindastofnana í Evrópu og í norrænu samstarfi, auk þátttöku í alþjóðasamtökum er vinna að ákveðnum málefnum, s.s. UNITED (evrópsk samtök gegn þjóðernishyggju, rasisma, fasisma og til stuðnings innflytjendum, flóttamönnum og minnihlutahópum), FIDH (alþjóðasamtök fyrir

mannréttindum) og OP-ESCR (sem vinna að framgangi viðauka við Samning Sp um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi). Utanríkisráðuneytið hefur enn fremur falið MRSÍ að sinna hlutverki tengiliðar og upplýsingagjafa við samtök, félög og stofnanir í ríkjum sem njóta styrkja úr Uppbyggingarsjóði EES, og samsvarandi/hliðstæðar íslenskar stofnanir, samtök og félög.

Af umsögnum MRSÍ um einstök lagafrumvörp sem og í skýrslum til ýmissa alþjóðastofnana um stöðu mannréttinda á Íslandi, má ráða afstöðu skrifstofunnar til mannréttindamála. Skrifstofan hefur engin tengsl við stjórnmalaflokka eða stefnur og tekur ekki afstöðu til einstakra mála nema þau snerti mannréttindi sérstaklega.

Starfsemi skrifstofunnar á árinu 2022 var með nokkuð hefðbundnu sniði þó enn gætti áhrifa COVID-19. Enn var mikið um fjarfundi og lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur fór að einhverju leyti fram í gegnum síma- og fjarfundabúnað. Skrifstofan tók upp þráðinn að nýju varðandi verkefnið "Þekktu rétt þinn, þekking er vald," sem miðar að fræðslu fyrir erlendar konur um réttindi þeirra. Að venju var svarað fyrirspurnum og erindum frá einstaklingum og stofnunum, innlendum og erlendum þ.á m. frá sendiráði Bandaríkjanna og sendiherra ESB á Íslandi, umsögnum skilað um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur og samstarfi og samskiptum vegna Uppbyggingarsjóðs EES fram haldið.

Þá skilaði skrifstofan viðbótarskýrslu til nefndar sem starfar á grundvelli samnings Sp um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og einnig til Kvennanefndar Sp í samstarfi við önnur félagasamtök. Perlan, viðurkenning skrifstofunnar til þeirra sem hafa skarað fram úr í mannréttindastarfi á árinu, var veitt í fyrsta sinn. MRSÍ hefur skapað sér virðingu og traust fjölmiðla og er leitað til hennar þegar mannréttindamál eru til umfjöllunar. Áfram var unnið að uppbyggingu heimasíðu. MRSÍ átti og sæti í Velferðarvaktinni og sárafatæktarhópi hennar, sérfræðingahópi um mansal, viðbragðsteymi Bjarkarhlíðar um mansal, samráðshópi um konur frið og öryggi, vinnuhópi um þörf á aðgerðum gegn hatursorðræðu, sérfræðihópi þátttökuúttektar CP4 Europe, vinnuhópi um börn á flótta, teymi um málefni flóttamanna og teymi um málefni innflytjenda svo eitthvað sé nefnt.

Margrét Steinarsdóttir
Framkvæmdastýra

Aðildarfélög og fulltrúar í stjórn

Á aðalfundi 2022 gaf Margrét Pétursdóttir stjórnarformaður ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Var **Atli Viðar Thorstensen** kosinn **stjórnarformaður** og **Rut Einarsdóttir** varaformaður. **Sólveig Rós Másdóttir**, **Alma Ýr Ingólfssdóttir** og **Rachael Lorna Johnstone** voru kosnar **meðstjórnendur** og **Kristín Helga Schiöth** og **María Rut Kristinsdóttir** voru kosnar **varamenn** í stjórn.

Til **kjörnefndar** voru kosnar **Anna Lára Steindal**, **Áslaug Björgvinsdóttir** og **Margrét Pétursdóttir**.

Fulltrúaráð Mannréttindaskrifstofunnar er eftir aðalfund skipað eftirfarandi fulltrúum aðildarféлага:

Amnesty International Íslandsdeild

Aðalfulltrúi: Anna Lúðvíksdóttir
Varafultrúi: Jóhanna K. Eyjólfssdóttir

Hjálparstarf kirkjunnar

Aðalfulltrúi: Kristín Ólafsdóttir
Varafultrúi: Bjarni Gíslason

Barnaheill

Aðalfulltrúi: Sólveig Rós Másdóttir
Varafultrúi: Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir

Kvennréttindafélag Ísland

Aðalfulltrúi: Rut Einarsdóttir
Varafultrúi: Tanja Teresa Leifsdóttir

Biskupsstofa

Aðalfulltrúi: Arnór Bjarki Blomsterberg
Varafultrúi: Eva Björk Valdimarsdóttir

Landssamtökin Geðhjálp

Aðalfulltrúi: Sveinn Rúnar Hauksson
Varafultrúi: Grímur Atlason

Háskólinn á Akureyri

Aðalfulltrúi: Rachael Lorna Johnstone
Varafultrúi: Hrannar Hafberg

Landssamtökin Proskahjálp

Aðalfulltrúi: Anna Lára Steindal
Varafultrúi: Unnur Helga Óttarsdóttir

Háskólinn í Reykjavík

Aðalfulltrúi: Margrét Einarsdóttir
Varafultrúi: Margrét Vala Kristjánsdóttir

Rauði kross Íslands

Aðalfulltrúi: Atli Viðar Thorstensen
Varafultrúi: Nína Helgadóttir

Róttin

Aðalfulltrúi: Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir
Varafultrúi: Kristín I. Pálsdóttir

Samtökin '78

Aðalfulltrúi: Daníel Haukur Arnarsson
Varafultrúi: Þorbjörg Þorvaldsdóttir

Siðmennt

Aðalfulltrúi: Kristín Sævarsdóttir
Varafultrúi: Kristín Helga Schiöth

Solaris

Aðalfulltrúi: Sólveig Ásta Sigurðardóttir
Varafultrúi: Helga Baldvins Bjargardóttir

UN Women á Íslandi

Aðalfulltrúi: Stella Samúelsdóttir
Varafultrúi: María Rut Kristinsdóttir

WOMEN

Aðalfulltrúi: Marion Polives
Varafultrúi: Patience A. Karlsson

Öryrkjabandalag Íslands

Aðalfulltrúi: Alma Ýr Ingólfssdóttir
Varafultrúi: Þuríður Harpa Sigurðardóttir

Fjármál og rekstur

Fjármál

Samstarfssamningar við dómsmálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti gilda til ársloka 2024 og í árslok var þjónustusamningur við félagsmálaráðuneyti um lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur endurnýjaður til tveggja ára. Aðrar tekjur skrifstofunnar eru fyrst og fremst vegna styrkja til sérgreindra verkefna.

Starfsmannamál og skrifstofuhald

Framkvæmdastýra MRSÍ er Margrét Steinarsdóttir lögfræðingur. Elín G. Einarsdóttir lögfræðingur er hinn starfsmaður skrifstofunnar. Um bókhald skrifstofunnar sér Margrét Hafsteinsdóttir bókari. Að vanda barst fjöldi innlendra og erlendra starfsumsóknna og fyrirspurna um möguleika á starfsþjálfun. Á árinu 2022 var einn starfsnemi á skrifstofunni, frá Ítalíu. Framkvæmdastýra og stjórn MRSÍ þakka starfsfólki og aðstoðarfólki einstaklega vel unnin störf á árinu og ánægjulegt samstarf.

Húsnæðismál

MRSÍ hefur haft aðsetur á Hallveigarstöðum, Túngötu 14, frá september 2010. Húsnæðið hentar starfsemi skrifstofunnar að öllu leyti afar vel. Framkvæmdastýra og starfsfólk hafa eigin skrifstofur og fundaraðstaða er góð.

Hallveigarstaðir eru sjálfseignarstofnun sem er í eigu Bandalags kvenna í Reykjavík, Kvenfélagasambands Íslands og Kvenréttindafélags Íslands. Kvennasamtökin í landinu komu saman árið 1917, þegar Bandalag kvenna í Reykjavík var stofnað, og þá töldu konur nauðsynlegt að koma á laggirnar kvennaheimili fyrir kvennasamtök á landinu. Á árinu 1953 var hafist handa við að teikna húsið en byggingu þess lauk ekki fyrr en 1967. Hallveigarstaðir eru fyrst og fremst aðsetur eigenda en rekstur hússins fer til styrktar þeirri menningar- og mannúðarstefnu sem kvennasamtök gangast fyrir.

7



Skrifstofa MRSÍ á Hallveigarstöðum, Túngötu 14

Bókasafnið

Þann 9. apríl 2015 afhenti MRSÍ Landsbókasafni/Þjóðarbókhöfðu bókasafn sitt að gjöf. Var það einkum gert í þeim tilgangi að það kæmi betur að notum þar sem afar lítið var um að leitað væri eftir bókum til útlána.

Heimasíða

Heimasíðu MRSÍ er ætlað að bæta og auðvelda aðgengi almennings að upplýsingum um mannréttindamál. Árið 2014 var nýrri vefsíðu komið í upp og er efni hennar mun aðgengilegra en áður var. Slóðin er www.humanrights.is og www.mannrettindi.is. Reglulega er bætt inn upplýsingum á heimasíðuna og uppfærðar þær upplýsingar sem þegar eru til staðar, s.s. á vefsetri um mannréttindi, en umsagnir skrifstofunnar til Alþingis, í samráðsgátt og til ráðuneyta eru settar jafnóðum inn á vefinn. Á vefsíðinni er meðal annars að finna fræðslumyndbönd fyrir innflytjendur og flóttamenn (unnin í samstarfi við Amnesty International), greinar um ýmsa þætti mannréttinda, greinar um ákveðna samfélagshópa og réttindi þeirra, helstu alþjóðasamninga, efni frá Sameinuðu þjóðunum og dóma alþjóðlegra mannréttindadómstóla. Þá er einnig efni á síðunni úr alþjóðlega rannsóknarverkefninu Human Rights Education Project (HREP) auk almennra upplýsinga um mannréttindi á Íslandi og upplýsingasíður skrifstofunnar um 16 daga átak gegn kynbundu ofbeldi, Evrópuviku gegn kynþáttamísrétti, PROGRESS-verkefni fyrri ára, Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu

þjóðanna, Kvennasáttmála Sp og vefleikinn Flóttta. Vefurinn er uppfærður eftir því sem kostur er og á síðu Evrópuviku gegn kynþáttamísrétti er t.d. safnað saman ýmsu fræðsluefni fyrir unglinga og börn um málaflokkinn.

Eftirfarandi rit eru m.a. aðgengileg á heimasíðu skrifstofunnar:

- Mannréttindi í þrengingum
- Bann við mismunun
- Réttindi transgender fólks á Íslandi
- Hatursorðræða: yfirlit yfir gildandi lög og reglur, ábendingar til framtíðar

Á síðunni er einnig að finna skýrslu um hatursorðræðu og kynjahyggju á netinu, sem MRSÍ vann í samstarfi við Mannréttindastofnun Danmerkur og Umboðsmann jafnréttis og mismununar í Noregi. Þar er einnig að finna leiðbeiningar á ensku um hvernig eigi að haga viðtölum við innflytjendur með menningarfærni að leiðarljósi. Leiðbeiningarnar voru unnar í tengslum við ERASMUS verkefnið Bridge Builders sem MRSÍ tók þátt í ásamt Law for Life í Bretlandi og AVIJED í Frakklandi. Enn fremur eru viðbótarskýrslur til alþjóðlegra eftirlitsnefnda sem skrifstofan hefur unnið, ýmist ein sér eða í samstarfi við aðra, aðgengilegar á heimasíðunni.

Vefsíðan er að meginstefnu á íslensku en þó er mikið efni einnig aðgengilegt á ensku síðunni. Stefnt er að því að vera með upplýsingar um skrifstofuna og lögfræðiráðgjöfina á fleiri tungumálum, s.s. pólsku, spænsku og rússnesku, og mun það koma inn eins fljótt og auðið er.

8

THE ROLE OF ICEHR

The Centre is an independent organization that works to advance human rights through the promotion of research and education on and raising awareness of human rights issues in Iceland. The Centre also serves as a watch dog for the status and implementation of Human Rights in Iceland.



LEGAL COUNSELLING FOR IMMIGRANTS

The Centre's legal counselling for immigrants is open on Tuesdays and Fridays between 10 am and 3 pm. It is necessary to book an appointment beforehand.

[READ MORE](#)



Starfsemin innanlands

Umsagnir um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur o. fl.

- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, þskj. nr. 61 – 61. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997 (aðgerðir og rannsóknir á börnum), þskj. 62, 62. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (afnám banns við klámi), þskj. 33, 33. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn, 96. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar (skerðing á lífeyri vegna búsetu), þskj. 71, 71. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (bælingarmeðferð), þskj. 45, 45. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, þskj. 28, 28. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga (alþjóðleg vernd), þskj. 837 – 595. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022–2025, þskj. 834, 592. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga (dvalar- og atvinnuleyfi), þskj. 839, 597. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um undirritun og fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum, þskj. 90, 90. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, þskj. nr. 34 – 34. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, með síðari breytingum (hjónaskilnaðir), þskj. 174, 172. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012 (móttaka einstaklinga með vernd, innflytjendaráð), þskj. 380 – 271. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (barnaníðsefni, hatursorðræða, mismunun o.fl.), þskj. 558, 389. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 49. mál.
- Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar og Mannréttindaskrifstofu Íslands um drög að sjöttu skýrslu Íslands um alþjóðasamninginn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Samstarfsverkefni

Viðbótarskýrsla til Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna

Mannréttindaskrifstofa Íslands, ásamt Öryrkjabandalagi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands, Öfgum og UN Women skrifuðu í sameiningu viðbótarskýrslu við níundu skýrslu íslenskra stjórnvalda til Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna. Skýrslu þessari er ætlað að veita íslenskum stjórnvöldum gagnlegt aðhald og og vísbendingar um hvar og hvernig skorti á að jafnrétti kynja sé náð.

Bjarkarhlíð, Bjarmahlíð og Sigurhæðir

Mannréttindaskrifstofa Íslands er samstarfsaðili við þessar þrjár móttökumiðstöðvar fyrir brotþola ofbeldis. Þær eru reknar með mismunandi sniði og samstarfsaðilar ekki að öllu leyti þeir sömu. Hlutverk skrifstofunnar í samstarfinu er að veita lögfræðiráðgjöf til kvenna sem leita til móttökumiðstöðvanna. Á skrifstofan sæti í stjórn allra miðstöðvanna auk þess sem skrifstofan á aðalmann í framkvæmdastjórn Bjarkarhlíðar. Þess utan situr framkvæmdastýra í viðbragðsteymi vegna mansals sem Bjarkarhlíð heldur utan um.

Barnaréttindavaktin

Á árinu 2020 skilaði Mannréttindaskrifstofa Íslands viðbótarskýrslu til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna í samstarfi við UNICEF á Íslandi, Barnaheill, Heimili og skóla, Landssamtökin Þroskahjálþ, Rauða krossinn á Íslandi, Samfés, UMFÍ og Öryrkjabandalag Íslands. Í framhaldi stofnuðu þessir aðilar Barnaréttindavaktina, óformlegan samstarfsvettvang framangreindra samtaka til að sinna eftirfylgni með viðbótarskýrslunni til Barnaréttarnefndarinnar og vinna að bættum réttindum barna. Fundar vaktin reglulega og stendur m.a. að verkefninu Talsmenn barna á Alþingi til að tryggja að börn hafi málsvara á Alþingi.

Allir flokkar á þingi tilnefna einn þingmann sem talsmann og annan til vara. Fjórdi hópur talsmanna barna undirrituðu yfirlýsingu talsmanna barna við hátíðlega athöfn á Alþingi 22. nóvember. Yfirlýsingin er þess efnis að þeir skuldbindi sig til að hafa Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í störfum sínum á þinginu, leitist við að tileinka sér barnvæn sjónarmið og hafa hagsmuni barna að leiðarljósi.



Nýir talsmenn barna á Alþingi

Samráðsfundir með stjórnvöldum

Framkvæmdastýra var á árinu 2022 fulltrúi MRSÍ í ýmsum nefndum og vinnuhópum sem starfa á vegum ríkisins. Má þar nefna velferðarvaktina og vinnuhóp hennar um sárafatækt, samráðshóp um aðgerðir gegn mansali og annarri hagnýtingu á vegum dómsmálaráðuneytis, starfshóp forsætisráðherra um aðgerðir gegn hatursorðræðu og samráðshóp til að auka framgang og framkvæmd ályktunar Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325. Framkvæmdastýra MRSÍ er og tengiliður Íslands í Norrænu verkefni um fræðslu og aðgerðir gegn hatursræðu og kynjahyggju á netinu. Að auki situr fulltrúi skrifstofunnar í vinnuhópi um börn á flóttu.

Framkvæmdastýra situr einnig í teymi um málefni innflytjenda, viðbragðsteymi Bjarkarhlíðar vegna mansals, teymi um málefni flóttamanna, vinnuhópi um endurskoðun búsetuskerðinga og tengslaneti umboðsmanns barna svo eitthvað sé nefnt.

Aðstoð og upplýsingagjöf

Að vanda var mikið leitað til skrifstofunnar af einstaklingum, nemum, sendiráðum, fjölmiðlum og stofnunum eftir upplýsingum um mannréttindamál.

Fundir, námskeið og aðrir viðburðir

Mannréttindaskrifstofan sótti ýmis málþing og viðburði á árinu, m.a. málþing kjarahóps ÖBÍ, „Lásar gera bara gagn ef þeir eru læstir“, málþing Sigurhæða „Fram úr björtustu vonum“, ráðstefnu Stígamóta „Hvernig mætum við brotapolum vændis“ málþing Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar „Nordic Safe Cities“, ráðstefnu UNICEF „Tækifæri til áhrifa-ráðstefna um þátttöku barna“, málþing umboðsmanns barna um börn fanga og „Örugg borg, betra samfélag“ opinn fund mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs Reykjavíkurborgar.

Perlan – viðurkenning MRSÍ

MRSÍ veitti Haraldi Inga Þorleifssyni og aðgerðarhópnum Öfgar Perluna – viðurkenningu MRSÍ fyrir öflugt starf að eflingu mannréttinda í formi aðgerða, fræðslu eða vitundarvakningar á annan hátt. Viðurkenningin var veitt 4. október 2022 og tók Haraldur á móti henni ásamt Nínu Kötlu Katrínardóttur, Ólöfu Töru Harðardóttur og Huldu Hrund Guðrúnar og Sigmundsdóttur en Öfgar skipa einnig Tanja M. Ísfjörð Magnúsdóttir og Þórhildur Gyða Arnarsdóttir.



Viðurkenningarhafar taka við Perlunni

Mannréttindaping MRSÍ

Mannréttindaping Mannréttindaskrifstofu Íslands var haldið í annað skipti þann 20. október 2022 á Hótel Reykjavík Nordica. Þingið var var vel sótt og tókst vel til en gestir fengu að hlýða á átta erindi og panelumræður í kjölfarið. Glærur mælenda, myndir og ítarleg samantekt af málþinginu má nálgast á heimasíðu MRSÍ. Upptaka af þinginu er einnig aðgengileg á fésbókar síðu MRSÍ.



Panelumræður Mannréttindapings MRSÍ



Gestir Mannréttindapings MRSÍ

Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti

Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti var haldin dagana 14. – 27. mars 2022, með viðburðum um gjörvalla Evrópu. Yfirskrift vikunnar þetta árið var "show your heart (sýndu hjarta þitt)". Líkt og fyrri ár hélt MRSÍ utan um skipulagningu vikunnar í samstarfi við ýmis félagasamtök víðsvegar um landið. Meðal annars tóku Samtök ungmenna í fjölmenningu, Bandalag íslenskra skáta og Samtök kvenna af erlendum uppruna þátt í Evrópuvikunni.

Jafnframt skrifuðu yfir 1000 ungmenni persónuleg póstkort sem send voru til handahófsvalinna Íslendinga líkt og verið hefur síðustu ár. Skilaboðin voru skrifuð sem

hvatning til samstöðu gegn kynþáttafordómum og var viðtakendum boðið að taka þátt í þeirri samstöðu með því að taka mynd af sér með skilaboðunum undir millumerkinu #hondihond.

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

MRSÍ hélt utan um 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi, í ár líkt og síðustu ár og tók þátt í framkvæmd og skipulagningu þess. 16 daga átakið er alþjóðlegt átak gegn kynbundnu ofbeldi sem rekja má aftur til ársins 1991. Stendur átakið yfir frá 25. nóvember, alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi, til 10. desember, hins alþjóðlega mannréttindadags. Var tímabil þetta valið til að tengja á táknrænan hátt kynbundið ofbeldi og mannréttindi. Markmið átaksins er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis. Kastljósi átaksins 2022 var beint á kvennamorð (femicide) og var yfirskrift þess: Sameinumst! Aðgerðir til að enda ofbeldi gegn konum og stúlkum.

12

Ýmsir viðburðir voru skipulagðir víðs vegar um land, þar á meðal dagleg greinarskrif sem birtust á www.frettabladid.is. Þá voru haldnar ljósagöngur, málþing og margt fleira. Gekk átakið í heild ákaflega vel fyrir sig og verður sífellt umfangsmeira frá ári til árs.

Allar almennar upplýsingar um 16 daga átakið sem og átak síðustu ára má finna inn á heimasíðu MRSÍ, www.humanrights.is og einnig inni á facebook síðu átaksins, www.facebook.com/16dagar.



Merki 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi

Framlag til funda og málstofa

Framkvæmdastýra MRSÍ hélt erindi á hinum ýmsu fundum og málstofum á liðnu ári. Eftirfarandi eru nokkur dæmi:

Undirbúningsfundur vegna

Landssamráðsfundar gegn ofbeldi

Í september sat framkvæmdastýra MRSÍ undirbúningsfund félagasamtaka og stofnana sem vinna gegn ofbeldi og með afleiðingar þess til að ræða fyrirkomulag Landssamráðsfundar gegn ofbeldi í nóvember.

Virkt samtal milli lögreglu, innflytjenda og flóttafólks

Í apríl sat framkvæmdastýra MRSÍ fund samráðsvettvangs með það að markmiði að koma á virku samtali milli lögreglu og innflytjenda og flóttafólks, kortleggja leiðir til að fræða báða hópa, skapa traust og læra hvort af öðru.

Fundur með GREVIO nefndinni

MRSÍ fór á fund sérfræðihóps GREVIO en það er nefndin sem hefur eftirlit með því að aðildarríki framfylgi og innleiði Evrópuráðssamninginn um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Istanbulsamninginn).

Fundur með GRETA nefndinni

Framkvæmdastýra MRSÍ átti fund með GRETA nefndinni – eftirlitsnefnd Evrópuráðsins með samningi um aðgerðir gegn mansali. Var fundurinn liður í úttekt GRETA á framfylgd Íslands með samningnum.

ECRI

Framkvæmdastýra MRSÍ hitti fulltrúa ECRI, Evrópunefndar gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi og gaf þeim upplýsingar um stöðu mála á Íslandi varðandi kynþáttafordóma, útlendingahatur, hatursorðræðu o.fl.

RIFF – umræður eftir sýningu myndarinnar *Eternal Spring*

Framkvæmdastýra Mannréttindaskrifstofu Íslands var boðið í panel umræður (Impact Talk) eftir sýningu teiknuðu heimildarmyndarinnar *Eternal Spring*. Ásamt framkvæmdastýru sátu í panelnum Josie Anne Gaitens, blaðamaður, Jason Loftus, leikstjóri, handritshöfundur og framleiðandi myndarinnar og Benjamín Julian, rithöfundur og aktívisti.

Myndin fjallar um það þegar meðlimir hreyfingarinnar Falun Gong brutust inn í útsendingu kínverska ríkissjónvarpsins og sendu út upplýsingar um hreyfinguna. Kínversk stjórnvöld höfðu bannað iðkun Falun Gong og eftir útsendinguna hófu þau grimmilegar ofsóknir gegn þeim. Fjöldi þeirra voru fangelsaðir, margir pyntaðir og létu jafnvel lífið.

Falun Gong iðkendur ættu að vera að vera mörgum Íslendingum kunnugir því í aðdraganda heimsóknar forseta Alpýðulýðveldisins Kína árið 2002 leituðu íslensk stjórnvöld allra leiða til þess að hindra komu þeirra til Íslands.

Fundur um stöðu mannréttinda á Íslandi

Í ágúst var framkvæmdastýra MRSÍ fundarstjóri á opnum samráðsfundi í Hörpu um stöðu mannréttinda, helstu áskoranir, tækifæri og valkosti til framfara. Var fundurinn liður í vinnu forsætisráðuneytisins við Grænbók um mannréttindi.

Upplýsingagjöf til ýmissa alþjóðlegra aðila

Líkt og undanfarin ár hefur skrifstofan komið að upplýsingagjöf til hinna ýmsu alþjóðlegra aðila og má þar nefna Ráðherraráð Norðurlandaráðs, Sendinefnd ESB og sendiráð Bandaríkjanna.

Fjölmiðlar og opinber umræða

Nokkuð var um að fjölmiðlar hefðu samband við Mannréttindaskrifstofuna á árinu 2022. Voru erindin margvísleg en lutu oftast að atvikum eða álitæfnum sem til umræðu voru hverju sinni, eins og mansali, málefnum innflytjenda, hatursorðræðu og síðast en ekki síst málefnum flóttamanna.



Umræðurnar eftir sýningu *Eternal Spring* á RIFF. Frá vinstri til hægri: Josie Anne Gaitens, Jason Loftus, Benjamín Julian og Margrét Steinarsdóttir

Stofnfundur Sjálfbærniráðs 1. desember

Framkvæmdastýra MRSÍ sótti stofnfund Sjálfbærniráðs og situr skrifstofan í ráðinu. Unnið var að drögum að Grænbók um sjálfbært Ísland en ætlunin er að leggja fram tillögu til þingsályktunar um sjálfbært Ísland í byrjun árs 2024.

Mannréttindafræðsla

MRSÍ var m.a. með fræðslu um mannréttindi fyrir ýmsa hópa, t.d. ýmsa vinnustaði og stofnanir, Kvennaathvarfið, félagsráðgjafarnema o.fl.

Gestir frá Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna

Henrik Fredborg Larsen, framkvæmdastjóri Þróunaráætlunar SP, og Edna Muratagic, verkefnastýra Þróunaráætlunar SP, heimsóttu MRSÍ 29. nóvember. Framkvæmdastýra tók á móti þeim og kynnti þeim starfsemi skrifstofunnar auk þess sem mögulegt samstarf var rætt.

Vinnustofur mansalsdeildar ÖSE

Í október sótti framkvæmdastýra MRSÍ vinnustofur sérfræðinga frá mansalsdeild ÖSE hér á Íslandi sem hluta af fræðslu fyrir íslensk stjórnvöld og þá sem koma að baráttu gegn mansali á Íslandi. Var yfirskrift vinnustofanna: „Recommendations of the OSCE Special Representative and Co-ordinator for Combating Trafficking in Human Beings on the need to enhance anti-trafficking prevention amid mass migration flows“.



Til hægri Henrik Fredborg Larsen, framkvæmdastjóri Þróunaráætlunar SP, ásamt Margréti Steinarsdóttur, framkvæmdastýra MRSÍ.

Erlent Samstarf

MRSÍ er meðlimur í samtökum mannréttindastofnana á Norðurlöndum, samtökum mannréttindastofnana (AHRI) og samtökum er berjast fyrir framgangi viðauka við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi þar sem komið verði á kæruleið fyrir einstaklinga. Skrifstofan er meðlimur í UNITED samtökunum er berjast gegn kynþáttamisrétti og einnig í ESC-net sem vinnur að framgangi efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda. Þá er skrifstofan meðlimur í FIDH, alþjóðlegum samtökum er vinna að mannréttindum á breiðum grunni.

The Association of Human Rights Institutes (AHRI)

MRSÍ er einn af stofnendum AHRI og var þáverandi framkvæmdastýra MRSÍ fyrsti stjórnarformaður samtakanna.

Stjórnarformaður AHRI er Dr Thomas Gammeltoft-Hansen, forstöðumaður rannsóknardeildar dönsku mannréttindastofnunninnar.

Eftirfarandi stofnanir eiga nú aðild að AHRI:

1. Belgrade Centre for Human Rights, Serbía
2. Centre for Human Rights, University of Pretoria, Suður Afríku
3. Human Rights Consortium, School of Advanced Study, University of London, Bretlandi
4. Centre for the Study of Global Ethics, University of Birmingham, Bretlandi
5. Centre for the Study of Human Rights, London School of Economics and Political Science, Bretlandi

6. Chr. Michelsen Institute, Noregi
7. Danish Institute for Human Rights, Danmörku
8. Erik Castrén Institute of International Law and Human Rights, University of Helsinki, Finnlandi
9. European Inter-University Centre for Human Rights and Democratisation, Venice-Lido, Ítalíu
10. European Training- and Research Centre for Human Rights and Democracy, Graz, Austurríki
11. German Institute for Human Rights, Þýskalandi
12. Human Rights and Globalization Research Group, University of Seville, Spáni
13. Human Rights and Social Justice Research Institute, London Metropolitan University, Bretlandi
14. Human Rights Centre, University of Essex, Bretlandi
15. Human Rights Centre, Queen's University, Belfast, Northern Ireland, Bretlandi
16. Human Rights Law Centre, University of Nottingham School of Law, Bretlandi
17. UNESCO Chair in Human Rights, University of Luxembourg, Lúxemborg
18. Human Rights Programme at the University of Sydney, Ástralíu
19. Newcastle Forum for Human Rights and Social Justice, Newcastle Law School, University of Newcastle, Bretlandi
20. Mannréttindaskrifstofa Íslands, Íslandi
21. Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Íslandi
22. Institute for Human Rights, Åbo Akademi University, Finnlandi
23. Institute of Human Rights, Catholic University of Leuven, Belgíu
24. Institute of Human Rights, University of Latvia, Lettlandi

25. Interdepartmental Centre on Human Rights and the Rights of Peoples, University of Padua, Ítalíu
26. Irish Centre for Human Rights, National University of Ireland, Galway, Írlandi
27. Ludwig Boltzmann Institute of Human Rights, Austurríki
28. Maastricht Centre for Human Rights, Maastricht University, Faculty of Law, Hollandi
29. Netherlands Institute of Human Rights (SIM), University of Utrecht, Hollandi
30. Norwegian Centre for Human Rights, University of Oslo, Noregi
31. Pedro Arrupe Institute of Human Rights, University of Deusto, Bilbao, Spáni
32. Poznan Centre for Human Rights, Polish Academy of Sciences, Póllandi
33. Raoul Wallenberg Institute of Human Rights and Humanitarian Law, Lund, Svíþjóð
34. Swiss Centre of Expertise in Human Rights, Bern, Sviss
35. The Research Group Law and Development, University of Antwerpen, Belgíu
36. Riga Graduate School of Law, Lettlandi
37. Transitional Justice Institute, University of Ulster, Jordanstown/Magee, Bretlandi
38. Centre for Human Rights Studies University of Zürich
39. Crucible Centre for Human Rights, Roehampton University, Bretlandi
40. Czech Center for Human Rights and Democracy (CCHRD), Tékklandi
41. The Human Rights Program of the Legal Studies Department, Central European University, Ungverjalandi
42. Centre for the Study of Human Rights Law, the University of Strathclyde, Bretlandi
43. Human Rights Implementation Centre, The University of Bristol, Bretlandi
44. Centre for Human Rights, Ghent University, Belgíu
45. Leuven Centre for Global Governance Studies, K.U. Leuven, Belgíu
46. The Centre on Human Rights in Conflict, University of East London, Bretlandi
47. School of Global Studies, University of Gothenburg, Svíþjóð
48. Research Centre of Human Rights, University of Vienna, Austurríki
49. Human Rights Centre, Durham Law School, Englandi
50. Human Rights Research and Education Centre, University of Ottawa, Kanada
51. Castan Centre for Human Rights Law, Monash University, Ástralíu
52. Australian Human Rights Institute, UNSW Sydney, Ástralíu
53. The Centre for Human Rights Research (CHRR), University of Manitoba, Kanada
54. Alfredo Vázquez Carrizosa Institute for Human Rights and Peacebuilding, Kolumbíu
55. Human Rights Centre Research Centre at the Charles University í Prag, Tékklandi
56. Research Centre of Fundamental Rights, Tallinn University, Eistlandi
57. Addis Ababa University Centre for Human Rights, Eþíópíu
58. European Human Rights Law Institute, University of Montpellier, Frakklandi
59. Human Rights Centre of the University of Potsdam, Þýskalandi
59. Centre for Human Rights Erlangen–Nürnberg, University of Erlangen–Nürnberg, Þýskalandi
60. Centre for Fundamental Rights, The Hertie School, Þýskalandi
61. Department of Human Rights and Politics, Budapest, Eötvös Loránd University, Ungverjalandi
62. Centre for Research and Development of Constitution and Human Rights, Universitas Sebelas Maret, Indónesía
63. Centre for Criminal Justice and Human Rights (CCJHR), University College Cork, Írlandi
64. UCD Centre for Human Rights, University College Dublin, Írlandi
65. Minerva Centre for Human Rights, Hebrew University of Jerusalem, Ísrael
66. Department of National and Supranational Public Law, University of Milan, Ítalía

67. Global Campus of Human Rights, Ítalía
 68. Human Rights Centre „Antonio Papisca“, University of Padova, Ítalía
 68. Human Rights Centre „Antonio Papisca“, University of Padova, Ítalía
 69. Centre for Human Rights and Peace, University of Nairobi, Kenya
 70. Netherlands Institute of Human Rights (SIM), University of Utrecht, Hollandi
 71. NCU Chair of Human Rights, Nicolaus Copernicus University, Póllandi
 72. The Institute of Democracy and Human Rights (IDEHPUCP), Hollandi
 73. Dullah Oman Institute, University of Western Cape, Suður Afríku
 74. Chair of Human Rights and Public Authorities of the University of the Basque Country (UPV/EHU), Spáni
 75. Geneva Academy of International Humanitarian Law and Human Rights, University of Geneva, Sviss
 76. Chan Fo-Chuan Centre for the Study of Human Rights, Soochow University, Taiwan
 77. Centre for Applied Human Rights, University of York, Englandi
 78. The Global Justice Academy, University of Edinburgh, Skotlandi
 79. Helena Kennedy Centre for International Justice, Sheffield Hallam University, Englandi
 80. International Law and Human Rights Unit, University of Liverpool, Englandi
 81. Sussex Centre for Human Rights Research, University of Sussex, Englandi
 82. Bonavero Institute of Human Rights, University of Oxford, Englandi

83. Birninghame City University, Englandi
 84. Center for Human Rights Science, Carnegie Mellon University, Bandaríkjunum
 85. Human Rights Institute Binghampton University, Bandaríkjunum
 86. Human Rights Center, University of Dayton, Bandaríkjunum.

Að auki hefur Evrópustofnun grundvallarmannréttinda (the European Union Agency for Fundamental Rights (FRA)), stöðu áheyrnarfulltrúa hjá AHRI.

Norrænt samstarf

Norræni skólinn í mannréttindarannsóknum

Norræni skólinn í mannréttindarannsóknum, sem áður nefndist Norræna rannsóknanetið, var formlega stofnaður í janúar 2002. Skólanum hefur tekist að festa sig vel í sessi undir ötulli forystu Martins Scheinin. Þar á að kortleggja rannsóknir, sem verið er að vinna að á Norðurlöndum á sviði mannréttinda og koma á fjögurra ára þverfaglegu doktorsnámi sem verði skipulega uppbyggt og strangar kröfur gerðar um vísindaleg vinnubrögð. Sérstök áhersla er lögð á norræn sjónarmið og norræn verkefni, en einnig alþjóðleg og þá sérstaklega verkefni sem tengja Norðurlönd umheiminum. MRSÍ er, ásamt níu öðrum félögum, meðeigandi skólans.



Uppbyggingarsjóður EES

Uppbyggingarsjóður EES var stofnaður af EFTA ríkjunum þremur, Íslandi, Noregi og Lichtenstein, í þeim tilgangi að vinna gegn efnahags- og félagslegum mismun í þeim ríkjum sem aðstoðina þiggja.

Eitt af markmiðum með sjóðnum er að efla samvinnu og skapa tengsl milli ríkja Evrópu. Samstarf á milli landa færir öllum aðilum aukna þekkingu og kunnáttu, hvort sem um er að ræða styrkþega eða styrkveitanda. Því er sérstaklega hvatt til þess að samtök í styrkþega ríkinu leiti eftir því að finna sér samstarfsaðila í einu af þrem styrkveitenda ríkjunum.

MRSÍ heldur utan um þá hlið sjóðsins er snýr að frjálsum félagasamtökum (Active Citizen's Fund). Á árinu tók skrifstofan á mót í ýmsum hópum frá Rúmeníu, Póllandi, Grikklandi og Króatíu auk þess sem skrifstofan sat fundi og ráðstefnur á netinu þar sem m.a. var gerð grein fyrir starfsemi skrifstofunnar og því hlutverki sem hún gegnir sem tengiliður milli frjálsra félagasamtaka í styrkþegaríkjunum og á Íslandi.

Samstarfsverkefni styrkt af uppbyggingarsjóði EES

MRSÍ var samstarfsaðili við eistnesku mannréttindastofnunina um verkefnið „A Powerful Third Sector for Protection of Human Rights“. Var skrifstofan jafnframt samstarfsaðili um eftirfarandi verkefni: „Network of Civil Society Organizations on UN's Sustainable Development Goals“ með grísku samtökunum Eliamep, „Human Rights Protection in the Context of Icelandic Culture and Practice“ með Pomost í Póllandi, „Local Intersectoral Policies for Migrant Integration“ með Fundacia Inna Przestrzen í Póllandi, „Citizens and Space Shaping með Citizen's Initiative Centre í Póllandi, „Xenophilia“ með Association PORT-open space í Póllandi, „The Observatory of Anti-Discrimination Legislation“ með Polish Society of Antidiscrimination Law og „I.R.A.D.-Implica-te responsabil, actioneaza si decide með Active Youth Association í Rúmeníu.



Skýrslur til alþjóðlegra nefnda

Mannréttindaskrifstofa Íslands, Kvenréttindafélag Íslands (KRFÍ), UN WOMEN; Öryrkjabandalag Íslands og Öfgar skiluðu viðbótarskýrslu við skýrslu stjórnvalda til nefndar um afnám allrar mismunar gegn konum en hún starfar á grundvelli Kvennasáttmála Sp. Í mars 2016 var Ísland tekið fyrir af nefndinni og gerði tóku tilmæli hennar til greina ýmsar athugasemdir sem gerðar voru í skýrslu MRSÍ og KRFÍ.

MRSÍ skilaði einnig viðbótarskýrslu við skýrslu stjórnvalda vegna Alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Heimsóknir

Einnig heimsóttu hópar og einstaklingar frá frjálsum félagasamtökum í hinum mismunandi löndum á skrifstofuna og önnur félagasamtök á Íslandi til að fræðast um íslenskar aðstæður og störf félagasamtaka, en oftast er haft samband fyrst við skrifstofuna og starfsfólk aðstoðar þá við að koma á fundum milli áhugasamra aðila.

Sem dæmi má nefna að doktorsnemar frá Bretlandi og Bandaríkjunum heimsóttu skrifstofuna. Þá heimsótti Syrian Women's Political Movement skrifstofuna í júní til að fá upplýsingar um stöðu kvenna á Íslandi.

Heimsóknir félagasamtaka frá styrkþegaríkjum Uppbyggingarsjóðs EES

Í maí heimsóttu pólsk samtök skrifstofuna til að fá fræðslu um störf hennar og stöðu kvenna á Íslandi. Samtök frá Króatíu heimsóttu skrifstofuna þann 29. júní, bæði til að fræðast um starfsemina og stöðu barna á Íslandi. Í ágúst komu rúmensk, pólsk og grísk félagasamtök í heimsókn og fengu fræðslu um störf skrifstofunnar og stöðu mannréttinda á Íslandi almennt. Voru heimsóknir þessar í tengslum við Uppbyggingarsjóð EES.



Frá heimsókn pólsku samtakanna Pomost í November 2022

Ársskýrsla Mannréttindaskrifstofu Íslands
Útgefandi: Mannréttindaskrifstofa Íslands

Prentun: Leturprent

© 2022 Mannréttindaskrifstofa Íslands

ISSN: 1670-8032

Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án leyfis útgefanda.

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Túngata 14, 101 Reykjavík

+354 553 2720

www.humanrights.is

info@humanrights.is